

**Sp.**

### **951. Þingsályktun**

um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

(Afgreidd frá Sp. 23. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 100 þús. krónum til byggingar 35 smálesta flóabáts fyrir Breiðafjarðarhafnir, með eftirfarandi skilyrðum:

1. að samgöngumálaráðuneytið samþykki gerð bátsins og byggingarsamning;
2. að framlag til bátsins verði eignarhluti ríkissjóðs í útgerðinni;
3. að ríkissjóður hafi ávallt að minnsta kosti einn mann í stjórn fyrirtækisins;
4. að báturinn haldi uppi póst-, farþega- og vöruflytningaferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar og um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð í samráði við Skipaútgerð ríkisins;
5. að haldið verði áfram undirbúningi undir byggingu strandferðabáts fyrir Breiðafjörð í samræmi við tillögur millipinganefndar í strandferðamálum.